

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði.

19

5 marz

### 1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að vestan Suðurfjörur frá Hornafjarðarós inn að Melatanga. Þaðan hugsuð lína beint í Leiðarhöfða, þaðan takmarkast höfnin af strandlengjunni sunnan Hafnarkauptúns austur á Heppu, þaðan beina línu í syðsta tanga Ægissíðu og þaðan á austasta tanga á henni. Þaðan eru takmörkin beina línu austast í Mikley út í Austurfjörur, þaðan eftir Austurfjörrunni vestur að Hornafjarðarós.

### 2. gr.

Hafnarnefnd hefir á hendi umsjón með höfninni og framkvæmdum hafnararmála. Annast fjárhald hennar og reikningsskil undir yfirumsjón hreppsnefndar. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn. eru 2 þeirra kosnir af sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu, en 3 kosnir af hreppsnefnd Nesjahrepps. Þeir eru kosnir til 5 ára og gengur einn úr árlega fyrstu 4 árin eftir hlutkesti.

### 3. gr.

Öll gjöld, sem reglugerð þessi ræðir um, skulu renna í hafnarsjóð Hornafjarðar. Skal honum varið til að standast kostnað af mannvirkjum, sem við höfnina verða gerð. Hreppsnefnd veitir fé úr sjóðnum, að fengnum tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans eins og öðru fé hreppsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

### 4. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ekki ferma eða afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld til að hlýða boði hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar um það, hvar þau skuli leggjast. Skip mega aldrei leggja svo frá sér strengi eða önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraleið.

### 5. gr.

Vélbátum þeim, er liggja við sérstök legutæki á höfninni, má ekki leggja svo að hindri eða tefji umferð um höfnina.

### 6. gr.

Hafnarnefnd getur ákveðið hvar og hvernig legufæri báta og skipa skuli lögð. Enginn má flytja legutæki báts síns nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra, að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

## 19

5. marz

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarnefndar og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeiganda eða umráðamanna. Bannað er og að kasta í höfnina fiskúrgangi hverskonar og öllu öðru, er óþrifum kann að valda.

## 8. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina, né á höfninni, má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum sem nú eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar.

## 9. gr.

Af öllum vörum, sem fluttar eru á land eða úr landi við höfnina, skal greiða til hafnarsjóðs gjald, sem miðast við brúttópunga vörunnar og sé 15 aurar af hverjum 100 kg., þó aldrei minna en 30 aurar, en af trjávið og slíkum vörum skal greiða 2 aura af hverju teningsfeti, þó aldrei minna en 30 aura. Undanskilinn gjaldinu er póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur. Gjöld þessi ber að greiða um leið og vara er flutt í land eða úr landi, og skulu skipstjórar eða afgreiðslumenn inna gjöldin af hendi. Við útreikning gjaldsins skal farið eftir farmskrám skipa, en sé ekki farmskrá fyrir hendi, verður skipstjóri eða formaður eða afgreiðslumaður að gefa yfirlýsingu um, hversu mikill og hver farmurinn er og gjaldið þá reiknað samkvæmt henni. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á vörum þeim, er greiða skal gjald af, unz það er goldið, og er heimilt að taka gjald þetta lögtaki.

## 10. gr.

Öll gjöld til hafnarsjóðs skal greiða til hafnarnefndar eða umboðsmanns hennar.

## 11. gr.

Þeir, sem skemma mannvirki hafnarinnar, eru skyldir að bæta að fullu kostnað við lagfæring á þeim.

## 12. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er útkljáð, nema setja tryggingu sem hafnarnefnd tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

## 13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—500 krónum, nema þyngri hegning liggja við að lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

## 14. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58, 28. janúar 1935, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. marz 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

19

5. marz

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl. 11. jan. 1935.**

3. gr. reglugerðar um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl. 11. jan. 1935 hljóði svo:

Bannað er að flytja eða selja til útlanda íslenskan gjaldeyri, hvort heldur eru seðlar eða inneignir í bönkum, sparisjóðum eða hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum. En frjálsar skulu þær inneignir, sem myndast við sölu á erlendum gjaldeyri til bankanna. Skal pósthjórninni heimilt að láta framkvæma nauðsynlegt eftirlit með bréfa- og bögglasendingum, til þess að tryggja það, að íslenskir peningar séu ekki fluttir í pósti.

*Fjármálaráðuneytið, 7. marz 1935.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

20

7. marz

**REGLUGERÐ**

**um einkasölu á rafvélum, rafáhöldum o. fl.**

Samkvæmt lögum nr. 30, 9. janúar 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

## 1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn Raftækjaeinkasölu ríkisins og frá 1. júní 1935 má enginn nema hún flytja hingað til lands frá útlöndum neina af vörutegundum þeim, sem hér eru taldar á eftir:

21

13. marz